

Ed.

297. Nefndarálit

um frumv. til laga um heimildir fyrir landstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfríðinum (246).

Háttv. neðri deild hefur nú eftir rúman mánuð sent frá sjer frumvarp þetta, sem þó óneitanlega hefði átt að flýta um fram alt.

Eftir að hafa athugað frumvarpið vill nefndin leggja til, að háttv. deild samþykki það, með þeirri breytingu, að ákvæðin um heimild til að banna útflutning á íslenskum matvælum sje ekki algerlega þýðingarlaus, eins og hún þó virðist vera eftir frumvarpinu, en þó hins vegar sjeu skilyrðin þannig, að útflutningur verði ekki bannaður nema brýn nauðsyn beri til. Þá vill og nefndin leggja til, að bannaður sje allur útflutningur á mör og tólg, þar eð hún lítur svo á, að nægur markaður sje fyrir vöru þá nú í landinu meðan á

dýrtíðinni stendur, en feitmetisþörfin mikil, svo framleiðendur ættu ekki að liða neinn halla af þessu.

Efri deild Alþingis, 11. ágúst 1915.

Magnús Pjetursson,
form.

Karl Einarsson,
ritari og framsögum.

G. Björnson.

Guðm. Ólafsson.

H. J. Kristófersson.